

Menntaskólinn á Akureyri

Fer 203 Landafraeði og náttúra

Málabraut 4. A

Haustönn 2011

Undanfari: Fer 103

Áfangalýsing

Í áfanganum verður fjallað almennt um ferðaþjónustu innanlands og uppbyggingu hennar. Rætt verður um helstu starfsgreinar innan ferðaþjónustunnar og fengnir fyrirlesarar um sérstök efni. Verður sjónum beint að Íslandi öllu en þó með höfuðáherslu á Norðurland. Í þessum áfanga er fyrst og fremst unnið með landafraeði og náttúru svæðisins með ferðamennsku og möguleika innlendra sem erlendra ferðamanna að leiðarljósi. Saga og menning landsins fléttast að sjálfsögðu líka inn í viðfangsefnin.

Haldið verður áfram að þjálfra þá tækni sem beitt er við gerð kynningarefnis og sjónum einkum beint að framsetningu með stafrænum hætti, hvort sem er á vef eða myndböndum. Áfram verður unnið með ensku en auk hennar bætast við tungumálin franska og þýska og verða verkefnin í samræmi við getu nemenda í þessum málum. Einkum verður hugað að orðaforða sem tengist náttúru-, landa- og jarðfraeði.

Kennsla fer fram með óhefðbundnum hætti. Stundaskrá er brotin upp og unnið í lengri lotum að áfanganum. Nemendur skipta með sér verkum og geta verið að vinna að ólíkum hlutum á sama tíma. Nokkrir kennarar koma að áfanganum og vinna saman að honum, auk þess sem fengnir verða gestafyrirlesarar sem fjalla um sérhæfð efni, bæði tengd ferðamálum sem og náttúru- og landafraeði. Nemendur fara í vinnuferðir til ýmissa staða á Norðurlandi.

Námsmat byggist á mörgum þáttum eins og t.d. vinnu nemenda, sjálfs- og jafningjamati, vinnuskýrslum svo og á þeim verkefnum sem unnin eru á önninni.

Meginmarkmið

Landafræði og náttúra

- Nemendur viti hvaða þættir í náttúru landsins draga helst að sér ferðamenn, innlenda sem erlenda
- Nemendur viti að hvaða leyti íslensk náttúra er frábrugðin náttúru nágrannalandsanna
- Nemendur viti hvaða staðir á Íslandi draga að sér flesta ferðamenn vegna sérstæðrar náttúru og hvað mótar sérstöðu þeirra.

Kvikmyndun og myndræn framsetning

- Nemendur tileinki sér grunnatriði í töku og úrvinnslu stuttra, stafrænna kvikmynda:
 - undirbúningur og handritsgerð
 - upptaka
 - vistun kvikmynda á tölvu
 - klipping
 - hljóðvinnsla
 - frágangur á lokaafurð
- Nemendur nýti sér kennslumhverfið Moodle í náminu
- Nemendur haldi áfram myndvinnslu fyrir vefsíður og prent

Erlend tungumál

- Nemendur noti bæði frönsku og þýsku, auk enskunnar
- Nemendur læri að nota fjölbreyttan orðaforða sem tengist landafræði og náttúru Íslands
- Nemendur geti beitt þessum orðaforða munnlega og skriflega í mismunandi verkefnum
- Nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða við móttöku ferðamanna með mismunandi menningarbakgrunn og viðhorf

Íslenska

- Nemendur orði hugsun sína á skýran og greinargóðan hátt á vandaðri en lifandi íslensku
- Nemendur geti þýtt texta úr erlendum málum á eðlilegt og vandað íslenskt mál, og sömuleiðis þýtt texta skammlaust úr íslensku á önnur mál
- Nemendur afli sér víðtæks og lifandi orðaforða um hvaðeina er tengist ferðamennsku

Kennsluáætlun

Að morgni hvers vinnudags verður dagskrá dagsins hengd á auglýsingatöfluna í stofu H9. Þar má að jafnanði einnig sjá grófa áætlun fyrir næstu vikur.

Námsmat

25%	Myndbandsverkefni á ensku
25%	Vefur á ensku, þýsku og frönsku
10%	Einstaklingsverkefni á þýsku og frönsku „ <i>Meine Heimat</i> “ „ <i>Ville natale</i> “
5%	Úttekt á vef íslensks ferðaþjónustufyrirtækis
10%	Vinnuskýrslur (í lok hvers dags)
15%	Símat kennara á vinnu nemenda á önninni
10%	Jafningjamat og sjálfsmat

Námsefni

Ekki verður notast við neina sérstaka námsbók. Kennarar munu eftir föngum koma með námsefni eða benda nemendum á það. Í stað kaupa á námsbókum þurfa nemendur að greiða 8.000 krónur sem munu ganga upp í kostnað við ferðalög tengd náminu. Sökum óhagstæðs gengis og sífellt hækkandi fargjalda er möguleiki að þetta gjald hækki á næstu önn en verður það þó aldrei hærra en 10.000 krónur.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir eru óhefðbundnar. Til að uppfylla einingafjölda áfangans þarf 6 kennslustundir og með heimavinnu fyllir þetta heilan skóladag. Nemendur eru því einungis í þessu eina fagi á miðvikudögum. Þannig á að vera unnt að vinna flest verkefni og ljúka þeim innan skóladagsins. Suma dagana verða nemendur fjarverandi við störf að áfanganum. Stofan H9 verður vinnustofa áfangans og er hún opinn vinnustaður á miðvikudögum þar sem aðrir nemendur og kennarar geta átt leið um og fylgst með störfum.

Kennarar

Kennarar verða ekki öllum stundum með nemendum en eru tilbúnir að koma til aðstoðar með stuttum fyrirvara þegar þörf krefur. Tafla yfir kennara og upplýsingar um það hvenær hver um sig er til taks hangir á auglýsingatöflu í stofu H9.

Hér eru símanúmer og netföng þeirra:

Anna Eyfjörð FRA	868 1808	anna@ma.is
Guðjón H. Hauksson UTN	824 7767	gudjon@ma.is
Hrefna G. Torfadóttir ENS	861 4821	hrefna@ma.is
Jónas Helgason LAN, UTN	864 2960	jonas@ma.is
Sigrún Aðalgeirsdóttir ÞÝS	899 6647	sigrun@ma.is

Annað

- **Vinnuskýrslu þarf að skrifa þótt nemandi hafi ekki mætt í tíma. Hann þarf þar að gera grein fyrir fjarveru sinni og hvernig hann hyggst bæta vinnutapið.**
- Reglur skólans um mætingar gilda óbreyttar fyrir áfangann.
- Þurfi nemandi að vera fjarverandi vegna vinnu sem tengist áfanganum skal það gert í samráði við kennara.

**Með von um ánægjulegt samstarf í vetur,
Anna, Guðjón, Hrefna, Jónas og Sigrún.**